

EFNISYFIRLIT

- 2 STAÐA OG HLUTVERK SAMKEPPNISYFIRVALDA
- 3 NEYTENDUR Í FYRIRRÚMI GEORG ÓLAFSSON, FORSTJÓRI SAMKEPPNISSTOFNUNAR
- 6 YFIRLIT YFIR STARFSEMI SAMKEPPNISSTOFNUNAR 2000
- 11 VIRKARI ÚRRÆÐI SAMKEPPNISYFIRVALDA: BREYTINGAR Á LAGAUMHVERFI SAMKEPPNISMÁLA
- 15 ÁKVARÐANIR SAMKEPPNISRÁÐS 2000
- 16 ÁLIT SAMKEPPNISRÁÐS 2000
- 16 BIRTAR KANNANIR SAMKEPPNISSTOFNUNAR 2000
- 17 REKSTRARKOSTNAÐUR
- 17 ÞJÓNUSTUVÍÐAR
- 17 SKIPURIT SAMKEPPNISSTOFNUNAR
- 18 SAMKEPPNISRÁÐ OG STARFSMENN SAMKEPPNISSTOFNUNAR

▶ STAÐA OG HLUTVERK SAMKEPPNISSTOFNUNAR

STAÐA OG HLUTVERK

Samkeppnisyfirvöld, þ.e. samkeppnisráð og samkeppnisstofnun, heyra undir viðskiptaráðuneytið og starfa samkvæmt samkeppnislögum nr. 8/1993 með síðari breytingum.

Samkeppnisráð tekur ákvarðanir í öllum málum þar sem skorið er úr ágreiningi um gildissvið samkeppnislaga og í málum sem hafa stefnumarkandi eða viðtæk áhrif.

Ráðið tekur jafnframt allar ákvarðanir um aðgerðir, bönn og sektir á grundvelli samkeppnislaga.

Samkeppnisstofnun undirbýr mál sem lögð eru fyrir samkeppnisráð og ráðgjafanefndir þess og annast dagleg störf ráðsins. Þá annast stofnunin samskipti ráðsins við einstaklinga, fyrirtæki, fjölmiðla, stofnanir, stjórnvöld og dómstóla.

Samkeppnisstofnun er heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða og er falið ákvarðanavald á afmörkuðum sviðum. Samkeppnisstofnun annast jafnframt eftirlit með lögum um neytendalán, lögum um alferðir, lögum um húsgöngu- og fjarsölu-samninga og lögum um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.

Hægt er að kæra ákvarðanir samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar til sjálfstæðrar nefndar, áfryjunarnefndar samkeppnismála. Samkeppnisstofnun annast málflytning, f.h. samkeppnisráðs, fyrir áfryjunarnefnd.

▶ NEYTENDUR Í FYRIRRÚMI - Georg Ólafsson

NEYTENDUR Í FYRIRRÚMI

Hlutverk samkeppnisyrvalda er að efla virka samkeppni í viðskiptum og gæta þess að heilbrigðir viðskiptahættir séu í heiðri hafðir. Með þessu skal stuðlað að því að neytendur fái góða vöru og þjónustu á sanngjörnu verði. Leiðarljósíð er því hagsmunir neytenda.

En þrátt fyrir að hlutverk samkeppnisyrvalda sé ljóst, hafa þau takmörkuð áhrif á hvaða úrlausnarefni þau taka til umfjöllunar. Það hafa neytendur einnig. Kvartanir frá fyrirtækjum ráða mestu um þau mál sem samkeppnisyrvöld taka til umfjöllunar enda endurspeglar þær ástand og viðskiptahætti á markaðnum á hverjum tíma. Fyrirtæki sem telur sig órétti beitt lætur í sér heyra. Það skal hins vegar tekið skýrt fram að samkeppnisyrvöld lita ekki á það sem hlutverk sitt að vernda keppinaut sem kvartar yfir hegðun annars nema það fari saman við að standa vörð um og efla virka samkeppni í þágu neytenda og þjóðfélagsins í heild.

Erindi opinberra aðila hafa einnig áhrif á starf samkeppnisyrvalda þótt í minna mæli sé. Þar er um að ræða fyrirspurnir, beiðnir um álit á tilteknum málum og sérstök verkefni. Þá taka samkeppnisyrvöld mál upp að eigin frumkvæði. Nokkur slík mál eru nú til umfjöllunar og ný mál verða tekin upp eftir því sem tók eru á, s.s. þegar utanaðkomandi ábendingar gefa ríkt tilefni til.

Til að virk samkeppni geti átt sér stað, verða tvær grundvallarforsendur að vera til staðar. Annars vegar verða aðilar á markaði, jafnt fyrirtæki, sem stofnanir eða samtök, að búa við jöfn samkeppnisskilyrði. Hins vegar verða neytendur að vera vel upplýstir um þá kosti sem þeim standa til boða á markaðnum. Þessar tvær forsendur liggja til grundvallar heilbrigðri samkeppni og í rauninni má segja að allt starf samkeppnisyrvalda byggist á þeim.

Jöfn samkeppnisskilyrði

Segja má að fyrstu fjögur árin eftir að samkeppnislögin frá 1993 gengu í gildi hafi einkennst af umfjöllun um opinberar samkeppnishömlur. Nær sextíu prósent hreinnar samkeppnismála voru af þeim toga. Fyrirtæki sem töldu sig ekki sitja við sama borð í samkeppni og fyrirtæki sem nutu opinbers stuðnings áttuðu sig fljótt á tilvist hinna nýju laga og komu kvörtunum á framfæri. Áherslur samkeppnisyrvalda beindust því mjög að því að jafna samkeppnisstöðu einkafyrirtækja og fyrirtækja sem störfuðu undir verndarvæng hins opinbera, enda eru jöfn skilyrði á markaði forsenda virkrar samkeppni.

Eftirlit með opinberum samkeppnishömlum er áfram á forgangslista en jafnframt hafa áherslur samkeppnisyrvalda beinst að mörkuðum þar sem hætta er á að markaðsyrfirburðir séu misnotaðir. Það hefur hins vegar reynst erfiðleikum bundið að beita samkeppnisreglum gegn misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Lögin hafa ekki tryggt nægilega virk úrræði til þess. Eftir breytingarnar á samkeppnislögunum í desember sl. hafa samkeppnisyrvöld hins vegar fengið virkari heimildir til eftirlits með markaðsráðandi fyrirtækjum.

Eftirlit með samruna fyrirtækja er nátengt eftirliti með markaðsráðandi fyrirtækjum. Í rauninni felst samrunaeftirlitið í því að koma í veg fyrir að upp komi markaðsráðandi staða sem hægt er að misnota en erfitt að sannreyna og taka á. Þegar samruni er um garð genginn og til er orðin yfirburðastaða verður ekki aftur snúið til fyrri markaðsgerðar. Samkeppnisyrvöld hafa lagt töluverða áherslu á að sinna samrunamálum. Vinna við þau er hins vegar tímafrek, m.a. við að skilgreina þá markaði sem um ræðir

hverju sinni. Þótt í fæstum tilvikum sé talin ástæða til íhlutunar í samruna er óhjákvæmilegt að leggja í þessa vinnu til að hindra að þeir fáu samrunar sem bera með sér alvarlega hættu fyrir samkeppnina nái fram að ganga. Sérhver slíkur samruni getur reynst neytendum og atvinnulífinu dýrkeyptur.

Að undanförunu hafa áherslur samkeppnisyrvalda einnig beinst að sk. kartelum eða skaðlegu samráði fyrirtækja um verð, skiptingu markaða o.fl. Kartelar eru taldir uppspretta alvarlegustu samkeppnishamlanna og fyrirsjáanlegt er að áherslurnar munu í vaxandi mæli miða að því að afhjúpa og uppræta þá. Þar er Ísland ekki eitt á báti þar sem afhjúpun kartela er forgangsverkefni í Evrópu og Ameríku, enda litið á starfsemi þeirra sem alvarlegt samsæri gagnvart neytendum.

Alþjóðlegt samstarf í samkeppnismálum hefur vaxið hröðum skrefum á undanförunum árum. Samkeppnisreglur eru orðnar snar þáttur í viðskiptasamningum milli landa og þar hafa samkeppnisyrvöld hlutverki að gegna. Þannig hafa verkefni vegna aðildar Íslands að EFTA og Evrópska efnahagssvæðinu farið vaxandi. Þetta eru verkefni í samræmi við milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að og hafa því forgang. Norræna samstarfið hefur andstætt spám orðið nánara á sviði samkeppnismála í seinni tíð. Það skýrist ekki síst af gagnkvæmum hagsmunum við að vinna sameiginlega að afhjúpun alvarlegra samkeppnishamla sem í vaxandi mæli teygja anga sína yfir landamæri.

Á vettvangi OECD og WTO eru samkeppnisreglur einnig í brennidepli. Þar er m.a. rætt um að koma á alheimssamkeppnisreglum sem vænlegustu leiðinni til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrirtækja í alþjóðaviðskiptum. Samkeppnisyrvöld hafa ekki séð sér fært að taka virkan þátt í starfi OECD og WTO. En það er réttmæt krafa íslenskra fyrirtækja að þeim séu tryggð jöfn samkeppnisskilyrði á erlendum mörkuðum, á sama hátt og erlend fyrirtæki njóta jafnræðis hér á landi. Þess vegna verður fylgst með þróun þessara mála og stefnt að virkari þátttöku í starfi þessara samtaka þegar efni standa til og íslenskir hagsmunir kalla ríkar eftir.

Aðhald neytenda

En það er ekki nóg að stuðla að og standa vörð um jöfn samkeppnisskilyrði á markaðnum og búa með því í haginn fyrir fyrirtæki til að keppa á jafnræðisgrundvelli. Reynslan sýnir að virk samkeppni þrífst ekki nema neytendur séu vel með á nótunum. Ef neytendur eru ekki vakandi, gagnrýnir og vel upplýstir, ganga markaðslögmálin ekki upp. Það er ekki nóg að fyrir hendi séu raunhæfir kostir til að velja úr, neytendur þurfa að vita um þessa kosti, þeir þurfa að hafa þekkingu til þess að geta valið milli þeirra og viljann til þess. Virkt aðhald neytenda er grundvallarforsenda árangursríkrar samkeppni. Opinbert aðhald getur aldrei komið í staðinn fyrir vökul augu og dómgreind hins almenna neytenda.

Samkeppnisyrvöld sinna að hluta því starfi að styðja neytendur til að velja og hafna. Annars vegar með eftirliti með markaðssetningu, fyrst og fremst villandi auglýsingum, og hins vegar með gerð verðkannana og eftirliti með verðmerkingum. Villandi auglýsingar brengla mat neytenda við val á þeim kostum sem bjóðast á markaðnum. Sérstaklega á þetta við um auglýsingar sem beint er að stórum hópi neytenda og standa yfir um nokkurt skeið. Nauðsynlegt er að vera á varðbergi gagnvart blekkingum af þessu tagi. Verðkannanir og eftirlit með verðmerkingum eru liðir í að örva verðskyn neytenda en öflug verðvitund neytenda er grundvallaratriði virkrar samkeppni.

Með aukinni samþjöppun markaða og fyrirtækja sem nú á sér stað fækkar kostum neytenda. Ekki bætir úr skák flóknara viðskiptalíf sem gerir neytendur berskjaldaðri fyrir þeim kostum sem bjóðast. Fjármálamarkaðurinn og fjarskiptamarkaðurinn eru dæmi um þess háttar markaði. Þessi þróun gerir ríkari kröfur til þeirra sem sinna neytendavernd að miðla upplýsingum til neytenda til að auðvelda þeim valið.

Forgangsröðun verkefna samkeppnisyfirvalda

Breytingarnar á samkeppnislögunum í desember sl. fela í sér nokkrar efnisbreytingar á lögunum en fyrst og fremst færa þær samkeppnisyfirvöldum virkari úrræði til að framfylgja þeim áherslum sem lagðar eru hverju sinni. Þetta á við um alla meginþætti laganna, opinberar samkeppnishömlur, kartel, markaðsyfirráð, samruna, auglýsingar, verðmerkingar og alþjóðleg tengsl.

Vandséð er að uppspretta mála breytist að ráði með breyttum lögum. Hún mun sem fyrr mótast að stórum hluta af aðsendum erindum frá fyrirtækjum og af aðstæðum á markaðnum á hverjum tíma. Miðað við málafjölda sem að jafnaði berst er ekki líklegt að málum að eigin frumkvæði muni fjölga á næstunni.

Breytingarnar á samkeppnislögunum fela hins vegar í sér heimild til samkeppnisyfirvalda að forgangsráða málum. Að sjálfsögðu hefur málum verið forgangsráðað en því er ekki að leynd að ekki hefur alltaf raðast samkvæmt þeim áherslum sem samkeppnisyfirvöld hefðu helst kosið. Eftir breytingarnar á lögunum skapast aukið svigrúm til að forgangsráða málum, og þar mun hagur neytenda hafður að leiðarljósi.

► YFIRLIT YFIR STARFSEMI SAMKEPPNISSTOFNUNAR

Segja má að starfsemi Samkeppnisstofnunar sé þrískipt í samræmi við meginefnisþætti samkeppnislaga. Stærstur er hluti samkeppnisviðsins sem sér um mál sem varða samkeppnishindranir og tilraunir fyrirtækja til að hamla samkeppni.

Markaðsmálasvið hefur með höndum mál sem varða óréttmæta viðskiptahætti og villandi upplýsingastarfsemi ásamt eftirliti með ýmsum sérlægum. Stjórnslusvið hefur m.a. umsjón með rekstri skrifstofu stofnunarinnar, tölvumálum og þeim málum sem tengjast gagnsæi markaðarins. Undir gagnsæi markaðarins fellur vinna við að efla verðskyn neytenda og það að auðvelda neytendum og fyrirtækjum yfirsýn yfir markaðinn, meðal annars með gerð verðkannana.

● SAMKEPPNISVIÐ

Almennt má segja að áherslur við úrlausn mála á samkeppnisviði árið 2000 hafi verið áþekkar og á undanförunum árum. Þó verður að telja að gildistaka breytinga á samkeppnislögum þann 6. desember 2000, lögum nr. 107/2000, hafi markað starfið á síðustu mánuðum ársins. (Nánar er fjallað um lagabreytinguna á öðrum stað í ársskýrslunni.) Þannig komu venju fremur mörg samrunamál til rannsóknar og má álykta að breytt samrunaákvæði við samkeppnislagabreytinguna hafi flytt fyrir samruna fyrirtækja í einhverjum tilvikum. Alls voru fjögur umfangsmikil samrunamál afgreidd formlega af samkeppnisráði á árinu 2000; samruni Máls og menningar hf. og Vöku-Helgafells hf., samruni Íslandsbanka hf. og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., fyrirhugaður samruni Búnaðarbanka Íslands hf. og Landsbanka Íslands hf. og yfirtaka Prentsmiðjunnar Odda hf. á Steindórsprenti-Gutenberg ehf. Auk þessara tilteknu mála vann Samkeppnisstofnun að rannsókn þriggja annarra samrunamála á árinu. Aður en fyrrnefnd breyting varð á samkeppnislögum þurftu samkeppnisyfirlönd að ljúka umfjöllun samrunamála á innan við tveimur mánuðum ef tilefni þótti til íhlutunar. Það gat kallað á mikla og óvænta vinnu hjá Samkeppnisstofnun sem gerði skipulag starfs stofnunarinnar oft og tíðum erfið. Rýmri tími til úrvinnslu samrunamála mun framvegis auðvelda skipulag starfsins.

Misbeiting á markaðsráðandi stöðu

Í þessu yfirliti telur Samkeppnisstofnun ástæðu til að fjalla sérstaklega um nokkur mál sem afgreidd voru af samkeppnisráði á árinu 2000 og með ólíkum hætti lúta að samkeppnishindrunum sem byggja á misbeitingu á markaðsráðandi stöðu fyrirtækja, stofnana eða samtaka:

- Í ákvörðun nr. 13/2000 er fjallað um erindi frá Malbikunarstöðinni Hlaðbær-Colas hf. vegna undirverðlagningar Sementsverksmiðjunnar hf. á sementi til nota við stækkun flughlaða við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Kvartandi taldi að með undirverðlagningu væri Sementsverksmiðjan að hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif á markaðnum fyrir malbikunarframkvæmdir. Sementsverksmiðjan hafði á árinu 1998 boðið mun meiri afslátt af verði sements til nota við að steypa flughlöð við Flugstöðina en verksmiðjan tíðkaði í samskonar viðskiptum við almenna sementskaupendur. Að mati samkeppnisráðs fólst í tilboði verksmiðjunnar, að sement til nota í steypu við flughlöðin hafi verið boðið á lægra verði en sem hafi numið tilkostnaðinum við framleiðslu þess. Með hliðsjón af stöðu Sementsverksmiðjunnar og með tilliti til þess hvernig hún hafi hagað verðlagningu á sementi á mörkuðum þar sem hún hafi ekki átt í samkeppni, verði, frá sjónarhóli samkeppnisyfirlvalda, að gera þá lágmarkskröfu að tekjur af sementssölu á samkeppnismarkaði standi að meðaltali undir kostnaði sem falli til við framleiðsluna, bæði breytilegum og föstum. Bent er á það í ákvörðuninni að veittur hafi verið 30% afsláttur af verði sements til notkunar í

steypu til vegaf framkvæmda, við sölu á sambærilegu magni og veittur væri 2% afsláttur til almennra notenda sements. Það er niðurstaða samkeppnisráðs að sú verðlækkun Sementsverksmiðjunnar sem fólst í því tilboði sem kvartað var yfir hafi verið sértæk, falið í sér verðlagningu undir kostnaðarverði og haft skaðleg áhrif á þeim mörkuðum sem hún náði til. Afslátturinn sem verksmiðjan hafi boðið í því máli sem kvartað var yfir, og mismunurinn gagnvart viðskiptavinum í afsláttarkjörum í umræddu tilviki, hafi haft skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Þeim fyrirmælum er beint til Sementsverksmiðjunnar að bjóða viðskiptavinum almennt þau viðskiptakjör sem samræmast því hagræði sem magn viðskiptanna gefur tilefni til. Viðskiptakjör skulu vera almenn þannig að viðskiptavinir sem eiga í samskonar magnviðskiptum við verksmiðjuna njóti sömu kjara, og verð á sementi sé ekki lægra en heildareiningakostnaður. Fyrirmælin taka þó ekki til sölu á sementi til tilrauna- eða þróunarverkefna.

- Ákvörðun nr. 27/2000 fjallar um samkeppnishömlur Veiðimálastofnunar gagnvart sjálfstætt starfandi fiskifræðingi. Kvartað var yfir því að Veiðimálastofnun hefði beitt stöðu sinni sem opinber rannsóknastofnun til að ná til sín þjónustuverkefnum, m.a. frá kvartanda. Samkeppnisráð telur að kvörtunin hafi átt við ýmis rök að styðjast. Lagaleg umgjörð stofnunarinnar og tengsl hennar við embætti veiðimálastjóra séu til þess fallin að skapa tortryggni um að jafnræðis sé gætt með þeim sem stunda þjónustustörf á því sviði sem lög um lax- og silungsveiði taka til. Veiðimálastofnun stundar rannsóknir fyrir opinbert fé jafnframt því að annast ráðgjöf í samkeppni við sjálfstætt starfandi sérfræðinga án þess að fjárhagslegur eða stjórnunarlegur aðskilnaður sé á milli þessara þátta. Dæmi sýna að stofnunin hafi boðist til að vinna verk fyrir aðila sem áður hafi ráðið kvartanda til verka, m.a. á þeim forsendum að stofnunin hafi búið yfir gögnum sem hún hafi aflað í skjóli lögbundinna verkefna eða tengsla við embætti veiðimálastjóra. Það er mat samkeppnisráðs að meðferð stofnunarinnar á upplýsingum og rannsóknagögnum sem hún aflaði við lögbundna starfsemi sína og í krafti tengsla við embætti veiðimálastjóra hafi orkað tvímælis. Synjun um afhendingu rannsóknagagna hafi skapað ójafnræði með samkeppnisrekstri Veiðimálastofnunar og keppinautum hennar. Stofnunin hafi því í samskiptum við kvartanda í málinu haft skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Beinir samkeppnisráð þeim fyrirmælum til Veiðimálastofnunar að hún tryggi að jafnræði ríki milli samkeppnisrekstrar stofnunarinnar og keppinauta varðandi aðgang að þeim gögnum og upplýsingum sem stofnunin hefur aflað í skjóli lögbundinna verkefna. Ennfremur mælir ráðið fyrir um fjárhagslegan aðskilnað á milli þess hluta rekstrar stofnunarinnar sem annast lögboðin verkefni og þess hluta sem annast verkefni á starfssviði stofnunarinnar fyrir einstaklinga o.fl. gegn endurgjaldi.

- Í ákvörðun nr. 28/2000 er fjallað um kvörtun Neytendasamtakanna yfir samtvinnun Knattspyrnusambands Íslands við sölu á aðgöngumiðum að tveimur landsleikjum í knattspyrnu. Í forsölu að landsleik Íslands og Danmerkur haustið 2000 stóð kaupendum aðeins til boða að kaupa miða sem gildi á þann leik og annan landsleik, milli Íslands og Norður - Írlands, sem haldinn yrði síðar. Það er niðurstaða samkeppnisráðs að umrætt fyrirkomulag á sölu á aðgöngumiðum hafi ekki falið í sér afslátt fyrir kaupendur miðanna og þykir sýnt að tilgangurinn hafi verið að tryggja sölu að tiltekinni þjónustu (knattspyrnuleik Íslendinga og Norður-Íra) með því að tvinna saman sölu á henni og sölu á annarri þjónustu þar sem væntanleg eftirspurn var meiri (leikur Íslands og Danmerkur). Það feli í sér misnotkun KSÍ á þeirri stöðu sem sambandið hafi á viðkomandi markaði og skaðleg áhrif í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Einnig brytur umrædd háttsemi í bága við góða viðskiptahætti og er óhæfileg gagnvart hagsmunum neytenda í skilningi 20. gr. samkeppnislaga.

- Fjallað er um samkeppnishamlandi samráð greiðslukortafyrirtækjanna Greiðslumiðlunar hf. (Visa-Ísland) og Kreditkorts hf. (Europay) um úttektarheimildir greiðslukortahafa á næturklúbbum í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 30/2000. Ráðið kemst að þeirri niðurstöðu að fyrirtækin tvö, sem starfa á sama sölustigi og njóta sameiginlega einokunar á þeim markaði sem þau starfa, hafi haft með sér samantekin ráð um aðgerðir gagnvart ákveðnum hópi viðskiptavina sinna. Fyrirtækin sammæltust um að takmarka úttekt korthafa á veitingahúsum sem bjóða upp á nektardans. Er það niðurstaða samkeppnisráðs að samráð fyrirtækjanna hafi haft skaðleg áhrif á samkeppni á skilgreindum markaði í málinu og því farið gegn 17. gr. samkeppnislaga. Var þeim fyrirmælum beint til greiðslukortafyrirtækjanna að fella úr gildi þær ráðstafanir sem þau höfðu gripið til á grundvelli samráðsins.

- Í ákvörðun nr. 35/2000 kemst samkeppnisráð að þeirri niðurstöðu að Flugstöð Leifs Eiríkssonar hafi misnotað einokunarstöðu sína í úthlutun á aðstöðu til flugafgreiðslu og farþegainnritunar í Flugstöðinni þegar fyrirtækinu Vallarvinum var synjað um aðstöðu þar til að afgreiða farþegaflugvélar. Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli hafði tilkynnt Vallarvinum um veitingu starfsleyfis til afgreiðslu farþegaflugvéla frá 18. janúar 2000. Starfsleyfið var bundið því skilyrði að fyrirtækið semdi sérstaklega við Flugstöðina um aðstöðu þar til innritunar og þjónustu við farþega. Erindi fyrirtækisins um aðstöðu var hins vegar hafnað af Flugstöðinni með vísan til plássleysis í flugstöðvarbyggingunni. Í niðurstöðu samkeppnisráðs er bent á að stutt sé síðan ýmis opinber samkeppnishamlandi ákvæði og einkaleyfi voru felld úr gildi á mörkuðum fyrir flugsamgöngur. Því hvíli sérstaklega rík skylda á opinberum aðilum sem fjalla um starfsskilyrði keppinauta í greinum á borð við flugafgreiðsluþjónustu að sjá til þess að ekki séu til staðar samkeppnishindranir, t.d. af völdum þess hvernig aðstöðu á flugvöllum er fyrir komið. Það er niðurstaða samkeppnisráðs að háttsemi Flugstöðvarinnar hafi farið gegn markmiði samkeppnislaga og ákvæði 17. gr. laganna. Telur ráðið það vera ámælisvert að opinber stofnun sem Flugstöðin skuli hafa hindrað innkomu nýs keppinautar á flugafgreiðslumarkaðinn. Þeim fyrirmælum var beint til Flugstöðvarinnar að semja við Vallarvini um nauðsynlega aðstöðu til innritunar og farþegaþjónustu svo að fyrirtækið geti innt af hendi þá þjónustu sem það hefur starfsleyfi til.

● MARKAÐSMÁLASVIÐ

Markaðsmálasvið Samkeppnisstofnunar hefur eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum, lögum um neytendalán, lögum um alferðir og á árinu bættist við eftirlit með lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga.

Alls afgreiddu samkeppnisyfyrirvöld um 150 mál sem með einum eða öðrum hætti vörðuðu málaflokka markaðsmálasviðs á árinu 2000. Flest þessara mála voru afgreidd af Samkeppnisstofnun og lyktaði ýmist með sátt, ábendingum eða tilmælum. Samkeppnisráð ákvarðaði um 11 þessara mála og skilaði álitum um eitt þeirra. Fjórum ákvarðana ráðsins á þessu sviði var áfrýjað til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Aðgerðir Samkeppnisstofnunar í þessum málaflokki stuðla m.a. að því að koma í veg fyrir að neytendum séu veittar rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða á annan hátt. Þannig er auglýsendum gert að geta fært sönnur á allar fullyrðingar auglýsinga um gæði og áhrif vara þeirra. Geti auglýsandi ekki sýnt fram á að yfirlýsingarnar séu réttar brjóta auglýsingarnar í bága við ákvæði samkeppnislaga. Í desember síðastliðnum fengu samkeppnisyfyrirvöld virkari úrræði til að

taka á þeim sem brjóta gegn góðum viðskiptaháttum eða birta rangar og villandi auglýsingar. Þannig getur samkeppnisráð nú lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvörðunum, reglum eða fyrirmælum ráðsins. Geta sektirnar numið allt að 10 milljónum króna.

Sem dæmi um afgreiðslu samkeppnisráðs á málum í þessum málaflokki má nefna auglýsingar tveggja keppinauta á byggingamarkaðnum. BYKO hf. hóf að auglýsa með yfirskriftinni „Bestu kaupin“ og Húsasmiðjan hf. kvartaði til Samkeppnisstofnunar. Um þetta er fjallað í ákvörðun nr. 7/2000. Taldi fyrirtækið að verið væri að gefa neytendum til kynna að þeir gerðu bestu kaupin á markaðnum í BYKO. Niðurstaða samkeppnisráðs var að með slíkri yfirskrift væri BYKO að bera vörur fyrirtækisins saman við vörur keppinauta hvað verð og gæði áhrærir. Þar sem BYKO hefði ekki fært sönnur á að bestu kaupin væru gerð í BYKO taldi samkeppnisráð að auglýsingarnar brytu gegn ákvæðum samkeppnislaga. Meðan á þessari málsmeðferð stóð hóf Húsasmiðjan að auglýsa með yfirskriftinni „Hvergi betra verð“ og „Besta verðið í Húsasmiðjunni“. BYKO kvartaði yfir auglýsingunum til Samkeppnisstofnunar. Húsasmiðjunni var ítrekað boðið að sýna fram á að auglýsingarnar stæðust en engin svör bárust frá fyrirtækinu. Málinu lauk með ákvörðun nr. 25/2000 þar sem samkeppnisráð bannaði Húsasmiðjunni að birta slíkar auglýsingar að viðlögðum dagsektum.

Á árinu komu tvö mál til kasta samkeppnisráðs þar sem kvartað var yfir notkun auðkenna fyrirtækja á Internetinu. Þetta var í fyrsta sinn sem slík mál komu fyrir samkeppnisráð. Í fyrra málinu var kvartað yfir notkun á orðinu export í heiti á léni. Kvartandi hafði fengið orðið export skráð sem vörumerki í flokki sem tekur til rekstrar tölvuvefs á Internetinu. Iceland Export Directory hafði fengið icelandexport.is skráð sem lén. Í ákvörðun nr. 33/2000 taldi Samkeppnisráð sýnt að báðir aðilar hefðu óumdeildan rétt til auðkenna sinna og taldi ekki tilefni til íhlutunar þar sem ekki fengist séð að líkur væru á ruglingi milli auðkennana.

Seinna málið varðaði kvörtun Hönnunar hf. yfir notkun Sigildrar hönnunar á léninu honnun.com. Eins og í fyrra málinu taldi samkeppnisráð í ákvörðun nr. 37/2000 að báðir málsaðilar ættu óskoraðan rétt til auðkenna sinna, þ.e. honnun.is og honnun.com. Í ljósi þess að samkeppnisráð taldi ólíklegt að villst yrði á vefsvæðum fyrirtækjanna sökum gerólíkrar starfsemi þeirra, aðhafðist ráðið ekki frekar í málinu.

Meðal þeirra mála sem samkeppnisráð ályktaði um voru auglýsingar Tannverndarráðs þar sem foreldrum var ráðlagt að gefa börnum sínum jóladagatöl án sælgætis. Lionsklúbburinn Freyr kvartaði til Samkeppnisstofnunar yfir auglýsingunum en sala slíkra jóladagatala hefur í mörg ár verið stór þáttur í tekjuöflun klúbbsins og hann svo gott sem einráður á markaðnum. Tannverndarráð taldi að ráðið væri að framfylgja skyldum sínum með þessum auglýsingum þar sem neysla súkkulaðis í 24 daga í röð gengi þvert á tannverndarmarkmið og hlutverk ráðsins. Auglýsingarnar beindust ekki að einum söluaðila eða vörumerki heldur væri verið að benda á að frá sjónarhóli tannverndar væru sælgætisdagatöl verri kostur en dagatöl án sælgætis. Í álit nr. 6/2000 taldi Samkeppnisráð að innflytjandi og seljandi jóladagatalanna ætti ekki að þurfa að sæta því að opinberir aðilar vari sérstaklega við vöru hans í auglýsingum. Slíkt gefi neikvæða mynd af vörunni og sé ósanngjarnt. Samkeppnisráð taldi að aðgerðir Tannverndarráðs hafi verið til þess fallnar að hafa skaðleg áhrif á samkeppni og væru ekki í samræmi við góða viðskiptahætti.

● GAGNSÆI MARKAÐARINS

Samkvæmt VII. kafla samkeppnislaga 31. til 34. gr. ber Samkeppnisstofnun að hafa eftirlit með gagnsæi markaðarins. Tilgangurinn er að stuðla að og efla virka samkeppni og auðvelda bæði neytendum og fyrirtækjum að hafa yfirsýn yfir markaðinn. Því gagnsæri sem markaðurinn er, þeim mun betri forsendur eru fyrir virkri samkeppni. Í samkeppnislögum eru heimildarákvæði handa Samkeppnisstofnun um að setja reglur um verðmerkingar. Heimildir stofnunarinnar eru viðtækar og hafa samkvæmt þeim verið settar ýmsar reglur sem flestar hafa það að markmiði að gera markaðinn gagnsæri. Þá hafa, á grundvelli þessara lagagreina, verið settar ýmsar reglur sem snúa að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Á liðnu ári voru gerðar allmargar verðkannanir, bæði á vöru og þjónustu. Meðal þeirra má nefna verðkönnun á matvöru auk kannana á margs konar þjónustu. Einnig var gerð verðkönnun á matvörumarkaði á Norðurlöndum. Þá var gerð verðkönnun á lyfjum í öllum lyfjasólum landsins en það er markaður sem Samkeppnisstofnun mun fylgjast náið með.

Töluvert átak hefur verið gert í því að reglum um verðmerkingar sé fylgt. Eftirlit með verðmerkingum er margþætt, en tryggja þarf að verðmerkingar á vöru og þjónustu séu með þeim hætti að neytandinn geti nýtt sér upplýsingarnar. Verulegur árangur sást í verðmerkingum í sýningargluggum verslana í lok ársins.

Hagsmunasamtök verslana fóru þess á leit við stofnunina að hún beitti sér vegna ónákvæmra verðkannana ýmissa aðila. Í kjölfar þess hefur Samkeppnisstofnun samið leiðbeinandi reglur um gerð verðkannana. Reglunum er ætlað að tryggja að faglega verði staðið að framkvæmd þeirra.

Eftirlit með svonefndum strikamerkingum í verslunum hefur verið vaxandi verkefni stofnunarinnar undanfarin ár. Í dag eru einstakar vörueiningar ekki verðmerktar en verðið skráð á hilluna þar sem varan stendur. Því miður getur verið verulegt ósamræmi milli verðs á hillu og verðs í afgreiðslukassa og hefur þetta misræmi farið vaxandi undanfarin ár. Dæmi eru um að verðmerkingar séu ófullnægjandi í meira en 25% tilvika í matvöruverslunum og allt að 42% tilvika í byggingavöruverslunum. Með nýlegum breytingum á samkeppnislögum eru markvissari viðurlög við því að reglur um verðmerkingar séu ekki virtar.

Á árinu gaf Samkeppnisstofnun út breyttar reglur um verðmerkingar í samræmi við nýjar reglur á Evrópska efnahagssvæðinu. Meðal annars er gerð krafa um að mælieiningarverð verði gefið upp á nánast öllum vörum. Reglurnar eru ítarlegar og mun stofnunin stuðla að kynningu þeirra á næsta ári.

● AÐRAR ÁHERSLUR Í STARFSEMINNI 2000

Starfsmenn Samkeppnisstofnunar tóku á árinu þátt í nefndarstörfum, t.d. vegna undirbúnings að lagabreytingum, og sinntu fræðslustarfi í skólum um þá málaflokka sem þeir vinna að.

Sem fyrr tóku starfsmenn Samkeppnisstofnunar þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði samkeppnis- og neytendamála á árinu 2000.

Síðar í skýrslunni er að finna yfirlit yfir allar ákvarðanir og álit samkeppnisráðs á árinu 2000 ásamt helstu könnunum sem Samkeppnisstofnun gerði. Ákvarðanirnar og álitin í heild sinni og ýmsar upplýsingar um starfsemi Samkeppnisstofnunar er að finna á vefsvæði stofnunarinnar, www.samkeppni.is. Álit og ákvarðanir samkeppnisráðs, sem og allar fréttatilkynningar Samkeppnisstofnunar, birtast á heimasíðu stofnunarinnar um leið og slíkt efni er gefið út.

VIRKARI ÚRRÆÐI SAMKEPPNISYFIRVALDA:

Breytingar á samkeppnislögum með lögum nr. 107/2000

Á undanförunum árum hefur mikilvægi samkeppnisreglna aukist sífellt. Æ fleiri ríki hafa séð ástæðu til að innleiða löggjöf á þessu sviði, annað hvort með nýjum lagaþáttum eða með því að styrkja þá löggjöf sem þegar er við lýði. Með samkeppnislögum nr. 8/1993 var lögfest hér á landi sú meginregla að virk samkeppni sé best til þess fallin að stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu framleiðsluþáttanna og efnahagslegum framförum í þjóðfélaginu. Lögunum var þannig ætlað að efla samkeppni á innlendum mörkuðum. Með þessum lögum var verið að taka upp svipaðar samkeppnisreglur og giltu annars staðar í Evrópu.

Með lögum nr. 107/2000 hafa samkeppnislögin verið enn frekar samræmd samkeppnisreglum EES-samningsins. Veigamiklar breytingar hafa verið gerðar á ákvæðum samkeppnislaga frá 1993. Í þessum breytingum felst m.a. að bann samkeppnislaga við samkeppnishamlandi samstarfi fyrirtækja er víkað til muna til samræmis við evrópskar samkeppnisreglur, tekið er upp bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu og samrunaákvæði laganna eru styrkt. Eflaust á eftir að túlkun margt í hinum nýju reglum nánar og verður þar að verulegu leyti byggt á túlkun samsvarandi löggjafar innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Viðtækara bann við samkeppnishamlandi samráði

Í 10. gr. laganna er lagt bann við öllum samkeppnishamlandi samningum, samþykktum og samstilltum aðgerðum milli fyrirtækja á sama hátt og gert er í 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Ákveðnar aðgerðir falla utan þessa banns, en það eru t.d. samningar milli fyrirtækja sem eru undir viðmiðunarmörkum 13. gr. laganna og samningar sem hafa fengið undanþágu á grundvelli 16. gr. laganna. Um þessar undantekningar er fjallað nánar hér að aftan.

Fyrir breytinguna tók 10. greinin aðeins til láréttra samkeppnishamla, þ.e. fyrirtækja sem starfa á sama sölustigi, en í 11. gr. var hins vegar ákvæði um bann við lóðréttum samkeppnishömlum sem eru t.d. samningar á milli heildsala og smásala. Eftir breytinguna tekur 10. gr. bæði til láréttra og lóðréttu samninga milli fyrirtækja og bann við lóðréttu samstarfi er ekki lengur eingöngu bundið við samráð um verð, heldur er lagt bann við hvers kyns lóðréttum samningum sem raskað geta samkeppni. Áður féll samráð keppnauta um aðra þætti en þá sem beinlínis lútu að verði eða skiptingu markaða ekki tvímælalaust undir ákvæðið sem var þrengra en sambærileg ákvæði annarra ríkja og ákvæði EES-samningsins. Breytingin sem nú hefur verið gerð á 10. gr. hefur í raun ekki áhrif á ákvæðið um verðsamráð og markaðsskiptingu keppnauta, heldur er aðeins um að ræða fjölgun tilvika sem falla undir bannreglu 10. gr. Nú er lagt bann við öllum samkeppnishamlandi samningum fyrirtækja en ekki eingöngu þeim samningum sem lúta að verði og skiptingu markaða eins og gert var áður. Upptalning samninga í 10. gr. er ekki tæmandi heldur sett fram í dæmaskyni, sbr. 53. gr. EES-samningsins.

Í 12. gr. laganna er kveðið á um að samtökum fyrirtækja sé óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru skv. lögunum. Ekki var gerð breyting á orðalagi 12. greinarinnar og er þátttaka samtaka fyrirtækja í brotum á bannreglum því eftir sem áður sjálfstætt brot gegn samkeppnislögum. Inntak ákvæðisins hefur hins vegar breyst í samræmi við breytinguna á bannreglu 10. gr. og gildir hin nýja viðtæka bannregla 10. gr. því einnig um samtök fyrirtækja.

Allir samningar, samþykktir eða samstilltar aðgerðir fyrirtækja eru bannaðar skv. 10. gr. laganna, en önnur ákvæði geta kveðið á um að í ákveðnum tilvikum falli slíkir samningar ekki undir bann ákvæðisins. Hér er aðallega um að ræða tvenns konar reglur, minniháttar regluna og reglur laganna um undanþágur.

Minniháttar reglan í 13. gr. laganna var með breytingarlögunum færð til samræmis við þá reglu sem gildir í EES-samkeppnisrétti. Nú hafa verið sett sérstök viðmið-unarmörk sem miðast við markaðshlutdeild og ráða því hvort samningar milli tiltekinna fyrirtækja, sem í sjálfu sér falla undir bann 10. gr., teljast hafa minni háttar áhrif á samkeppni og falla því utan bannreglu 10. gr. Samningar á milli fyrirtækja sem starfa á sama þjónustustigi falla ekki undir 10. gr. ef samanlögð markaðshlutdeild þeirra er ekki meiri en 5%. Ef um er að ræða samning milli fyrirtækja á mismunandi stigum markaðarins er miðað við 10% hlutdeild viðkomandi fyrirtækja. Með þessari breytingu verður fyrirtækjum betur ljóst undir hvaða kringumstæðum samningar þeirra í milli hafa óveruleg áhrif á samkeppni og falla því utan bannsins í 10. gr. Fellt hefur verið brott ákvæði 13. gr. sem kvað á um að fyrirtæki gætu sent tilkynningu og óskað eftir afstöðu samkeppnisyfirvalda til tiltekinna samninga. Rétt þykir að fyrirtæki meti það sjálf í fyrstu hvort samningar þeirra falli undir minniháttar regluna.

Reglur um undanþágur er að finna í 16. gr. laganna og hafa þær einnig verið færðar til samræmis við sambærilegt ákvæði í EES-samkeppnisrétti, sbr. 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Eftir þessar breytingar er um tvær leiðir að ræða fyrir íslensk fyrirtæki sem vilja fá undanþágu fyrir samning sem að einhverju leyti takmarkar samkeppni. Í fyrsta lagi getur fyrirtækið leitað eftir því að fá einstaka undanþágu hjá samkeppnisráði að þeim skilyrðum uppfylltum sem talin eru upp í 16. gr. Í rauninni verða jákvæð áhrif samningsins að vega þyngra en neikvæð samkeppnishamlandi áhrif hans til að hann geti hlotið undanþágu.

Í öðru lagi er um að ræða hópundanþágur, en reglur um þær eru nýmæli í þessum lögum. Samkeppnisráði er nú heimilt að setja reglur þar sem tilteknum tegundum samninga, sem uppfylla áður nefnd skilyrði 16. gr., er veitt undanþága frá bannreglunni í 10. gr. um samkeppnishamlandi samninga. Slíkar undanþágur þarf ekki að sækja um sérstaklega, heldur getur fyrirtæki litið svo á samningur þess sem fellur undir ákvæði tiltekinna hópundanþágu, njóti undanþágu frá ákvæðinu og sé því sjálfkrafa leyfilegur.

Bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu

Hin nýja 11. gr. samkeppnislaga felur í sér grundvallarbreytingu á því hvernig samkeppnislög taka til markaðsráðandi fyrirtækja. Áður gilti svokölluð misbeitingarregla sem fól ekki í sér bann við misbeitingu á markaðsráðandi stöðu heldur höfðu samkeppnisyfirvöld heimild skv. þágildandi 17. gr. samkeppnislaga til að grípa inn í og banna tiltekna hegðun eftirá. Nú hefur hins vegar verið lögfest bannregla þar sem misnotkun á markaðsráðandi stöðu er bönnuð fyrirfram. Viðurlög við broti á þessari reglu eru stjórnvaldssektir sem geta numið allt að 10% af heildarveltu fyrirtækis og fræðilega séð gætu stjórnendur slíkra fyrirtækja þurft að sæta fangelsi, sbr. 57. gr. samkeppnislaga. Undir bannið fellur misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu og af þeim sökum getur fákeppnis- eða sameiginleg markaðsráðandi staða fallið undir ákvæðið. Með setningu hinnar nýju 11. gr. er verið að taka upp reglur 54. gr. EES-samningsins og gildir sama regla innan EB.

Markaðsráðandi staða verður áfram byggð á sömu skilgreiningu sem er að finna í 4. gr. laganna og er efnislega samhljóða skilgreiningu dómstóls EB. Markaðsráðandi

staða er fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika (e. market power) að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það getur að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda, sbr. 4. gr. samkeppnislaga. Við mat á markaðsráðandi stöðu skiptir höfuðmáli að skilgreina nákvæmlega viðkomandi vöru- eða þjónustumarkað annars vegar og hinn landfræðilega markað hins vegar. Þá þarf að sýna fram á styrka stöðu viðkomandi fyrirtækis á hinum skilgreinda markaði og kanna hvort núverandi eða væntanlegir keppinautar geti veitt nægjanlegt aðhald.

Markaðsráðandi staða sem slík er ekki bönnuð, heldur misnotkun á henni. Dómstóll EB hefur lýst því yfir að á markaðsráðandi fyrirtækjum hvíli sérstök skylda til þess að raska ekki samkeppni með hegðun sinni. Svipuð sjónarmið hafa komið fram hjá íslenskum samkeppnisyfirdum. Um misnotkun á skilningi 11. gr. getur verið að ræða án þess að ásetningur viðkomandi fyrirtækis hafi verið fyrir hendi. Gera verður þá kröfu að fyrirtæki, sem á grundvelli efnahagslegs styrkleika síns hafa markaðsráðandi stöðu, keppi á sanngjarnan og heiðarlegan hátt og misbeiti ekki efnahagslegu valdi sínu. Ef það er látið óátalið er hagsmunum almennings ógnað. Þeir hagsmunir eru betur tryggðir nú með lögum 107/2000 þar sem misnotkun á markaðsráðandi stöðu er bönnuð.

Breyttar reglur um samruna fyrirtækja

Gerðar hafa verið mjög þýðingarmiklar breytingar á 18. gr. samkeppnislaga með lögum nr. 107/2000. Þessar breytingar lúta að formi og efni ákvæðisins. Þeim er ætlað að styrkja og efla samrunaefirlitið hér á landi. Einn megintilgangur með þessari lagabreytingu er að sporna gegn þeim samkeppnishömlum sem stafað geta af aukinni samþjöppun á markaði vegna samruna, og er samkeppnisyfirdum veitt heimild til að beita fyrirbyggjandi aðgerðum vegna slíkrar samþjöppunar.

Við skoðun samrunamála þarf að meta hvort samruni leiði til markaðsráðandi stöðu eða styrki hana og raski þannig samkeppni. Hér gilda sömu sjónarmið um mat á markaðsráðandi stöðu og varðandi 11. gr. Skilgreina þarf markaðinn og meta stöðu nýja samrunafyrirtækisins á honum. Horfa þarf til framtíðar og reyna að meta hvernig atvik muni þróast, gagnstætt því sem gildir í málum sem varða misnotkun á markaðsráðandi stöðu þar sem fjallað er um atvik sem þegar hafa átt sér stað.

Tvær meginbreytingar hafa verið gerðar frá eldri lögum. Í fyrsta lagi getur samruni verið ólögætur þegar fyrirtæki, sem er þegar markaðsráðandi, eykur markaðsyfirráð sin með samruna og hafa samkeppnisyfird heimild til að ógilda eða setja samrunanum skilyrði. Þessi breyting er til komin vegna túlkunar hæstaréttar á 18. gr. samkeppnislaga í samrunamáli innanlandsdeildar Flugleiða og Flugfélags Norðurlands, sbr. hæstaréttardóm 1998 bls. 1300.

Í öðru lagi getur samruni verið ólögætur ef hann leiðir til myndunar svokallaðrar sameiginlegrar markaðsráðandi stöðu, sbr. 1. mgr. 18. gr. þar sem talað er um markaðsráðandi stöðu eins eða fleiri fyrirtækja. Á sama hátt og misnotkun á sameiginlegri markaðsráðandi stöðu fellur undir bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu er eðlilegt að slík staða falli undir 18. gr. samkeppnislaga og er þetta í samræmi við samrunareglur EES-samningsins. Þessi breyting er mjög þýðingarmikil þar sem þessi heimild getur unnið gegn frekari myndun skaðlegrar fákeppni hér á landi.

Einnig voru gerðar breytingar á formhlið samrunaákvæðisins. Nú ber að tilkynna Samkeppnisstofnun um alla samruna þar sem heildarvelta samrunafyrirtækjanna fer yfir 1 milljarð króna og þar sem a.m.k. tvö af fyrirtækjunum sem að samrunanum

standa hafa a.m.k. 50 milljóna króna ársveltur. Þessi tilkynning skal eiga sér stað eigi síðar en viku eftir að samningi um samruna er lokið. Tilkynningarskyldan er þýðingarmikil breyting frá því sem áður gildi í samrunamálum, en þetta er sams konar fyrirkomulag og gildir í flestum viðmiðunarríkjum. Þá hafa tímafrestir í samrunamálum verið lengdir. Fyrir breytinguna var samkeppnisfyrivöldum settur tveggja mánaða frestur til að fjalla um samrunann og oft lék vafi á um hvenær fresturinn tók gildi. Með lögum nr. 107/2000 eru öll tímamörk frests orðin skýr og einnig hefur fresturinn verið lengdur talsvert. Samkeppnisstofnun hefur nú þrjátíu daga, eftir að tilkynning um samrunann berst, til að ákveða hvort þörf er á frekari rannsókn. Þegar sú ákvörðun liggur fyrir hafa samkeppnisfyrivöld þrjá mánuði til að taka endanlega ákvörðun í málinu. Afgreiðsla samrunamála getur því tekið allt að fjóra mánuði sem er svipaður frestur og víða annars staðar.

Önnur nýmæli

Með lögum nr. 107/2000 var nýju ákvæði aukið við samkeppnislögin, 20. gr. a. Með því eru reglur um samanburðarauglýsingar lögfestar í samræmi við reglur ESB á sama sviði. Samanburðarauglýsingar eru leyfðar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, m.a. að þær séu ekki villandi og að um sé að ræða vörur sem eiga í innbyrðis samkeppni. Annað nýmæli með lögnum er 50. gr. a, þar sem íslenskum samkeppnisfyrivöldum er veitt heimild til að veita samkeppnisfyrivöldum annarra ríkja upplýsingar og gögn sem nauðsynleg þykja við framkvæmd á íslenskum og erlendum samkeppnisreglum. Reglum um viðurlög við brotum á samkeppnislögum var einnig breytt með lögum nr. 107/2000. Samkeppnisráði er nú heimilt að beita þau fyrirtæki stjórnvaldssektum sem brjóta gegn ákvæðum laganna um óréttmæta viðskiptahætti, enda hefur það sýnt sig að dagsektarúrræðin eiga ekki alltaf við. Þá eru gerðar orðalagsbreytingar á 52. gr. um stjórnvaldssektir vegna brota á bannreglum laganna, en í greinargerð með frumvarpi breytingarlaganna er lagt til að það verði meginregla að þau fyrirtæki sem brjóta gegn bannreglum laganna sæti stjórnvaldssektum. Áður var aðeins kveðið á um heimild samkeppnisfirvalda til slíkra viðurlagaákvæðana.

Breytingar til bóta

Þær breytingar sem gerðar voru á samkeppnislögum á síðasta ári og fjallað hefur verið um hér að framan, fela fyrst og fremst í sér að samkeppnisfyrivöld fái virkari úrræði til að framfylgja markmiðum laganna. Á það við um alla meginþætti laganna, opinberar samkeppnishömlur, ólöglegt samráð, misnotkun á markaðsráðandi stöðu, samruna, ólögmetar auglýsingar og verðmerkingar. Með breytingunum hafa eldri ákvæði laganna verið gerð skilmerkilegri og lögin að öðru leyti skýrari. Samkeppnisfyrivöld hafa þannig betri tök á að fylgja eftir þeim áherslum sem lagðar eru hverju sinni til að efla virka samkeppni.

ÁKVARÐANIR SAMKEPPNISRÁÐS 2000

1. Erindi Félags íslenskra heimilislækna vegna meintra brota Tryggingastofnunar ríkisins á samkeppnislögum.
2. Erindi Snerpu ehf. um ISDN-tilboð Landssíma Íslands hf.
3. Krafa Landssíma Íslands hf. um endurupptöku ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 22/1999.
4. Kvörtun yfir samkeppnisstarfsemi björgunarbáta Slysavarnafélagsins Landsbjargar.
5. Erindi Páls Björgvinssonar, arkitekts og byggingameistara, vegna meintrar fákeppni ríkis og borgar á sviði mannvirkjahönnunar, ráðgjafar og eftirlits.
6. Erindi um endurupptöku ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 29/1999 vegna útboðs Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á skólaakstri fyrir fötluð grunnskólabörn.
7. Kvörtun Húsasmiðjunnar hf. yfir auglýsingum BYKO hf. með yfirskriftinni „Bestu kaupin“.
8. Erindi Landssíma Íslands hf. vegna meintrar misnotkunar Íslenska útvarpsfélagsins hf. og Sýnar hf. á markaðsráðandi stöðu sinni.
9. Fjárhagslegur aðskilnaður þjónustusviðs Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins frá öðrum sviðum stofnunarinnar.
10. Kvörtun Alcan Deutschland GmbH yfir auglýsingabæklingi BYKO á Reynoclad áklæðningu.
11. Erindi DHL Hraðflutninga ehf. um meintar samkeppnishömlur Íslandspósts hf. við hraðflutningaþjónustu.
12. Erindi Landvara, félags íslenskra vöruflytjenda, um meintar samkeppnishömlur Íslandspósts hf. við bögglaflutninga.
13. Erindi Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbær-Colas hf. um meinta undirverðlagningu Sementsverksmiðjunnar hf. á sementi til að nota við stækkun flughlaða við Flugstöð Leifs Eiríkssonar.
14. Kvörtun vegna meintrar samkeppnislegrar mismununar í III. kafla laga um tekju- og eignaskatt.
15. Erindi Brautarholts ehf. vegna ákvörðunar Reykjavíkurborgar um mismunandi afgreiðslutíma áfengis á veitingastöðum.
16. Erindi Skýrr hf. vegna reglna um endurgreiðslu virðisaukaskatts af útseldri þjónustu.
17. Kvörtun Iðnvéla ehf. yfir viðskiptaháttum Merkúrs ehf.
18. Aðgerðir Iðnvéla ehf. til að hindra samhliða innflutning á trésmiðavélum frá SCM S.p.A. á Ítalíu.
19. Kvörtun Félags íslenskra bifreiðaeigenda yfir samanburðarauglýsingu Vátryggingafélags Íslands hf.
20. Kvörtun Frjálsra fjarskipta hf. yfir auglýsingu Netsímans.
21. Samruni Máls og menningar hf. og Vöku-Helgafells hf.
22. Samruni Íslandsbanka og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.
23. Erindi er varðar rekstur sumarhótel Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.
24. Erindi Landssíma Íslands hf. um fjárhagslegan aðskilnað innan INTÍS.
25. Staðfesting á bráðabirgðaákvörðun Samkeppnisstofnunar nr. 1/2000 frá 3. ágúst 2000. Auglýsingar Húsasmiðjunnar hf. með yfirskriftinni „Hvergi betra verð“.
26. Kvörtun Gleraugnabúðarinnar yfir notkun Augnanna okkar ehf. á firmanafninu Gleraugnabúðin.
27. Samkeppnishömlur Veiðimálastofnunar gagnvart sjálfstætt starfandi fiskifræðingi.
28. Kvörtun Neytendasamtakanna yfir samtvinnun Knattspyrnusambands Íslands við sölu á aðgöngumiðum að tveimur landsleikjum í knattspyrnu.
29. Kvörtun Neytendasamtakanna yfir tilboðsauglýsingum BT á farsímum.

30. Samkeppnishamlandi samráð Greiðslumiðlunar hf. og Kreditkorts hf. um úttektarheimildir greiðslukortshafa á næturklúbbum.
31. Erindi Tals hf. vegna „léttkaupa“ Landssíma Íslands hf.
32. Erindi Sjúkrahúsapóteks Reykjavíkur ehf. um heimildir félagsins til þátttöku í útboði hjúkrunarheimila á lyfjainnkaupum og -þjónustu.
33. Kvörtun Jónasar R. Sigfússonar yfir notkun Iceland Export Directory á orðinu export við rekstur tölvuvefs á Internetinu.
34. Framkvæmd fjárhagslegs aðskilnaðar þjónustusviðs Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.
35. Kvörtun Vallarvina ehf. yfir samkeppnishömlum flugmálayfirvalda á Keflavíkurflugvelli og Flugstöð Leifs Eiríkssonar gagnvart starfsemi fyrirtækisins á Keflavíkurflugvelli.
36. Yfirtaka Prentsmiðjunnar Odda hf. á Steindórsprenti-Gutenberg ehf.
37. Erindi Hönnunar hf. vegna notkunar Stefáns Helga Kristinssonar á léninu honnun.com og ritunar firmans Sígild hönnun.
38. Kvörtun Stefáns Björgvinssonar yfir samkeppnishömlum í tengslum við aðgang að malarnámi í Snæfellsbæ.

▶ ÁLIT SAMKEPPNISRÁÐS 2000

ÁLIT

1. Kvörtun Sumarskólans sf. vegna meintra samkeppnishindrana Fjölbrautaskólans í Breiðholti.
2. Erindi Gunnólfs ehf. um samkeppnisstöðu íslenskrar fiskvinnslu í landi.
3. Kvörtun vegna samkeppnishamlandi áhrifa reglugerðar um lögboðna brunatryggingu húseigna.
4. Samkeppnisstaða happdrættis DAS gagnvart peningahappdrættum.
5. Erindi Arnóls ehf. vegna túlkunar ríkisskattstjóra á undanþáguákvæðum virðisaukaskattslaga.
6. Kvörtun Lionsklúbbsins Freys yfir auglýsingum Tannverndarráðs.
7. Framkvæmd fjárhagslegs aðskilnaðar rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins.
8. Fyrirhugaður samruni Búnaðarbanka Íslands hf. og Landsbanka Íslands hf.

▶ BIRTAR KANNANIR SAMKEPPNISSTOFNUNAR 2000

KANNANIR


1. Verðmerkingar í matvöruverslunum.
2. Verðkönnun á fiski.
3. Verðkönnun á skóviðgerðum.
4. Verð- og markaðskönnun á hjólréiðahjálum.
5. Verðkönnun á lyfjum um land allt.
6. Verðmerkingar í 686 sérvörslunum á höfuðborgarsvæðinu.
7. Verð á vetrarhjólborðum og kostnaður við skiptingu.
8. Verðkönnun hjá hársnyrtistofum.

► **REKSTRARKOSTNAÐUR ÁRIÐ 2000**

	<i>Þús. kr.</i>
Laun	88.756
Annar rekstrarkostnaður	26.610
Stofnkostnaður	5.408
Heildarrekstrarkostnaður	120.774
Sértekjur	(5.000)
Mismunur	115.774

► **ÞJÓNUSTUVÍSAR ÁRIÐ 2000**

Samkeppnis- og dómsmál	169
Kannanir á gagnsæi markaðarins	30
Mál á sviði óréttmætra viðskiptahátta	145
Útgáfa	9
Erlend málefni	29



SAMKEPPNISRÁÐ

Brynjólfur Sigurðsson
Karitas Pálsdóttir
Sigurbjörn Magnússon

Atli Freyr Guðmundsson
Ólafur Björnsson

SAMKEPPNISSTOFNUN

Samkeppnisstofnun

samkeppni@samkeppni.is

Nöfn

Anna Birna Halldórsdóttir
Ásgeir Einarsson
Ásta Pálsdóttir
Brynja Hafsteinsdóttir
Elisabet Sigurðardóttir
Georg Ólafsson
Guðmundur Sigurðsson
Guðlaugur Stefánsson
Guðríður Margrét Kristjánsdóttir
Gunnar G. Þorsteinsson
Gyða Björk Jónsdóttir
Hrafnkell Óskarsson
Ingólfur Pálsson
Jóna Björk Helgadóttir
Kristín Færseth
Kristín Hafsteinsdóttir
Margrét Sigurmundsdóttir
Sigurjón Heiðarsson
Sonja Egilsdóttir
Steingrímur Ægisson
Steinunn Friðriksdóttir
Valgerður Marinósðóttir

Starfssvið

Markaðsmálasvið
Lagaleg málefni
Stjórnslusvið
Samkeppnisvið
Samkeppnisvið
Forstjóri
Samkeppnisvið
Hagfræðileg málefni
Samkeppnisvið
Stjórnslusvið
Stjórnslusvið
Samkeppnisvið
Stjórnslusvið
Samkeppnisvið
Stjórnslusvið
Stjórnslusvið
Stjórnslusvið
Stjórnslusvið
Markaðsmálasvið
Stjórnslusvið
Samkeppnisvið
Stjórnslusvið
Samkeppnisvið

Netföng

abh@samkeppni.is
asgeir@samkeppni.is
asta@samkeppni.is
brynja@samkeppni.is
elisabet@samkeppni.is
georg@samkeppni.is
gsig@samkeppni.is
gudlaugur@samkeppni.is
gudridur@samkeppni.is
gunnar@samkeppni.is
gyda@samkeppni.is
hrafnkell@samkeppni.is
ingolfur@samkeppni.is
jbh@samkeppni.is
kristin@samkeppni.is
kristinh@samkeppni.is
margret@samkeppni.is
sigurjon@samkeppni.is
sonja@samkeppni.is
steingrimur@samkeppni.is
steinunn@samkeppni.is
valgerdur@samkeppni.is

Umsjón og umbrot: Nonni og Manni
Prentun: Oddi